

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Tryggingastofnunar ríkisins um daggjald opinberra sjúkrahúsa og stundunargjald þeirra vegna utanhéraðssjúklinga.

Hér með tilkynnist Tryggingastofnun ríkisins í samræmi við 51. gr i. f. laga um almannatryggingar nr. 40/1963, að ákveðið hefur verið, vegna þeirra verðhækkana, sem verða vegna áhrifa gengisbreytingar, að daggjöld opinberra sjúkrahúsa og hæla hækki frá 1. janúar n. k. um 8% og fylgir hér með listi yfir stofnanir og daggjald þeirra.

Þá hefur verið ákveðið að stundargjald utanhéraðssjúklinga, sbr. bréf þessa ráðuneytis til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 27. maí 1964, skuli breytast frá sama tíma, og hefur það verið ákveðið þannig, að hjá sjúkrahúsum, sem teljast hæf til að flokkast í I. flokk A við ákvörðun rekstrarstyrks úr ríkissjóði, skal það vera 70% fyrstu 30 daga sjúkrahússdvalarinnar, hjá sjúkrahúsum sem flokkast í I. flokk B skal það vera 50% sama tíma, hjá sjúkrahúsum sem flokkast í II. flokk A og B skal það vera 40% sama tíma og hjá öðrum sjúkrahúsum og sjúkraskýlum skal það vera 30%, einnig 30 fyrstu daga sjúkrahúslegunnar. Á hjúkrunarspítölum greiðist ekki stundargjald.

Fylgiskjal.

Daggjöld opinberra sjúkrahúsa, sjúkraskýla og hæla frá 1. janúar 1968.

Landsspítalinn	kr. 540.00
Kleppsspítalinn	— 378.00
Vífilsstaðahælið	— 378.00
Kristneshælið	— 378.00
Fávítahælið í Kópavogi	— 324.00
Borgarspítalinn	— 540.00
Hvítabandið	— 540.00
Sjúkrahúsið á Akureyri	— 540.00
— á Akranesi	— 540.00
— á Ísafirði	— 540.00
— í Neskaupstað	— 540.00
— í Keflavík	— 540.00
— á Sauðakróki	— 540.00
— á Siglufirði	— 540.00
— í Vestmannaeyjum	— 540.00
— á Selfossi	— 540.00
— á Patreksfirði	— 513.00
— á Hvammstanga	— 513.00
— á Blönduósi	— 513.00
— á Húsavík	— 513.00
— á Seyðisfirði	— 513.00
Sjúkraskýlið á Þingeyri	— 378.00
— á Flateyri	— 378.00
— í Bolungarvík	— 464.00
— á Hólmavík	— 378.00
— á Vopnafirði	— 378.00

Sjúkraskýlið á Egilsstöðum	kr. 464.00
— á Þórshöfn	— 378.00
Farsóttahúsið í Reykjavík	— 464.00
Sólvangur í Hafnarfirði	— 432.00

4. desember 1967.

Nr. 227.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:

Miðað við 13. launaflokk (kennarar án kennararéttinda)	kr. 93.40
— — 16. —	— 105.00
— — 16. — (söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu)	— 131.25
— — 17. — (kennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, tal-kennarar og blindrakennarar)	— 109.25
— — 17. — (söngkennarar, tónlistarkennarar og kennarar afbrigðilegra og vangefinna barna með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins)	— 136.60
— — 18. — (vanvitaskólakennarar)	— 142.05

II. Í húsmæðraskólum:

Miðað við 14. launaflokk (kennarar án kennararéttinda)	— 120.20
— — 17. —	— 135.10
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 140.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugreinum sínum) ..	— 153.00

III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við 17. launaflokk	— 135.10
— — 17. — (söngkennarar og tónlistarkennarar með $\frac{4}{5}$ kennsluskyldu)	— 168.95
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 140.55